

# Nýtt í bíó



UPPLIFIÐ HINA SÖNNU MERKINGU JÓLANNA

THE **NATIVITY** STORY  
LEIÐIN TIL BETLEHEM

Háskólabíó

7

## FRÉTTABRÉF LINDASÓKNAR

3. töl. 4. árg. JÓL 2006

### Lindakirkja á jólakorti

Nýlega gaf Sóknarnefnd Lindasóknar út jólakort með mynd af væntanlegri Lindakirkju. Gengið hefur verið í hús og kortin seld á aðeins 500 krónur, tíu kort saman í búnti. Ágóði af sölu kortanna rennur í byggingarsjóð Lindakirkju. Sala hefur gengið vel og ekki mikið eftir af prentuðu upplagi. Ef einhverjir lesendur eiga enn eftir að kaupa jólakortin er ekki seinna vænna að hafa samband við sr. Guðmund Karl.

Nýjstu fréttir af byggingaráformum eru þær að byrjað verður að grafa fyrir grunninum í byrjun nýs árs. Áætlað er að kirkjan verði frágengin að utan í lok næsta árs en verði vonandi fullfrágengin áður en vetrarstarf hefst haustið 2008.



### Dagskráin framundan

17. desember. Þriðji sunnudagur í aðventu

Kl. 11:00 Sunnudagaskóli með jólaívaði í Salaskóla.

Kl. 17:00 AÐVENTUGLEÐI LINDASÓKNAR í Salaskóla:

- Kór Lindakirkju, Kór Lindaskóla, Jólaleikrit í léttum dúr, skátar í St. Georgsgildi færa söfnuðinum friðarljós frá Betlehem, jólasaga, samsöngur og margt fleira.

24. desember. Aðfangadagur jóla

Jólastund fjölskyldunnar í Salaskóla kl. 16

-Aftansöngur í Salaskóla kl. 18. Sr. Guðmundur Karl Brynjarsson þjónar.

25. desember. Jóladaður.

- Hátíðarguðsþjónusta í Salaskóla kl. 11. Sr. Bryndís Malla Elísdóttir þjónar.

## FRÉTTABRÉF LINDASÓKNAR

### Netföng og símanúmer

Guðmundur Karl Brynjarsson, sóknarprestur. Netfang: guðmundur.karl@lindakirkja.is

Bryndís Malla Elísdóttir, héraðsprestur, Netfang: srmalla@breidholtskirkja.is

Keith Reed organisti og kórstjóri. Netfang: keith@lindakirkja.is

Sigríður Kjartansdóttir, meðhjálpari og húsvörður í safnaðarheimilinu. Netfang: sigridur@lindakirkja.is

Símanúmer í Safnaðarheimili Lindasóknar: 544 4477

Ábyrgð, ritun og uppsetning: Sr. Guðmundur Karl Brynjarsson. Fréttabréfið er gefið út í 2700 eintökum og dreift á öll heimili í Lindasókn.



## Góð aðsókn

Undanfarin ár hefur Lindasókn verið í samstarfi við KFUM&K um starf fyrir börn og unglinga og hafa fundir verið haldnir í Safnaðarheimili Lindasóknar. Eins og fram kom í síðasta fréttabréfi var ákveðið að auka fjölbreytnina í barna og unglिंगastarfinu sl. haust. Boðið hefur verið upp á tvenns konar unglिंगastarf, annars vegar fyrir 8. bekk á sunnudagskvöldum og fyrir 9. og 10. bekk á þriðjudagskvöldum. Einnig er boðið upp á sér starf fyrir stúlkur og drengi. Það er ánægjulegt að segja frá því að aðsókn í barna- og unglिंगastarfið hefur aukist til muna við þessar breytingar en samanlagt hafa verið að mæta um 80 börn og unglिंगar í hverri viku

## Fallegt almanak

Undanfarin ár hefur Samband íslenskra Kristniboðsfélaga dreift Kristniboðsalmanakinu ókeypis. Nýlega kom út almanak fyrir árið 2007 og er það prýtt fjölda fallegra mynda frá kristniboðsákrinum. Kristniboðsalmanakið er hægt að nálgast meðal annars í Safnaðarheimili Lindasóknar.

KRISTNIBOÐSALMANAKIÐ 2007



## SKÍRN

**Trausti Þór** var skirður 30. september heima í Asparhvarfi 5. Foreldrar hans eru Kristjana Lind Hilmarsdóttir og Benedikt Þór Guðmundsson. Trausti Þór á tvo eldri bræður, þá Kristófer Hilmar og Benedikt Gabriel.

**Hans Christopher** var skirður 30. september heima í Haukalind 12. Foreldrar hans eru Karólína Hansen og Jason Wilcox.

**Eva** var skirð 30. september heima í Haukalind 32. Foreldrar hennar eru Elín Haraldsdóttir og Einar Þór Magnússon. Eldri systkini Evu eru Rut og Orri.

**Össur** var skirður 14. október heima í Laxalind 7. Foreldrar hans eru Hildur Kristjánsdóttir og Rafn Benediktsson. Eldri systur Össurar heita Salvör og Þórdís.

**Tinna Sigríður** var skirð 28. október heima í Fannahvarfi 3. Foreldrar hennar eru Hildur Garðarsdóttir og Jón Viðar Sigurgeirsson. Stóri bróðir Tinnu Sigríðar er Kolbeinn Tómas.

**Mikael Logi** var skirður 4. nóvember heima í Dynsölum 16. Foreldrar hans eru Rakei Dögg Guðjónsdóttir og Gunnar Sigurðsson. Bróðir Andra Þórs er Patrik Sigurður 6 ára.

**Leifur Logi** var skirður 5. nóvember. Foreldrar hans eru Katrín Helgadóttir og Haraldur Einar Leifsson. Systur Leifs eru tvíburarnir Lilja Guðbjörg og Kristjana Lind.

**Margrét Eva** var skirð 12. nóvember í Digraneskirkju. Foreldrar hennar eru Þórunn Marínósdóttir og Jóhann Þór Jónsson. Jón Þór, bróðir Margrétar Evu, er þriggja ára.

**Tómas Bjarki og Una Karen** voru skirð 9. desember heima hjá afa og ömmu í Funalind 7. Foreldrar þeirra eru Helga Jónína Guðmundsdóttir og Guðmundur Ágúst Guðmundsson. Tvíburarnir eiga fjögurra ára bróður sem heitir Arnar Freyr. Fjölskyldan býr á Ísafirði.



Jólin og aðventan eiga að vera, hvort tveggja í senn, timi barnanna og timi fulloröðinna að finna barnið í sjálfum sér. Í helgihaldinu í Lindasókn er mikil áhersla lögð á að fjölskyldan komi saman í kirkju á aðventunni og eigi þar stund saman.

### Kveikt á spádómakerti og jólatré

Á fyrsta sunnudegi í aðventu safnaðist fólk saman í Salaskóla, þar sem helgihaldið í Lindasókn fer fram. Þar var höfð stutt helgistund við aðventukransinn og kveikt á spádómakertinu. Að því loknu tóku ungir og gamlir til óspilltra málanna við að fönndra jólaföndur. Að fönndri loknu var haldið í Safnaðarheimili Lindasóknar. Þar tók kirkjukórinn vel á móti fönndrum með kakói, piparkökum og jólasöngvum. Loks voru ljós tendruð á stóru jólatré sem komið hefur verið upp fyrir framan safnaðarheimilið.

### Jólaleikrit

Sunnudaginn 10. desember var haldin fjölskylduguðsþjónusta kl. 11. Þar var meðal annars sýnt leikritið *Jólin hennar Jóru* sem var samið og flutt af STOPP leikhópnum. Fjölmenni var í guðsþjónustunni.

### Aðventugleði Lindasóknar

Næsta sunnudag þar á eftir, 17. desember, verður einungis sunnudagaskóli í Salaskóla kl. 11.

## Jólaguðspjallið á hvíta tjaldinu

En það ber til um þessar mundir að verið er að sýna fallega og áhugaverða kvikmynd um jólafrásöguna samkvæmt guðsþjöllunum. Myndin er í alla staði afar vönduð með úrvalslíði leikara. Leikstjóri er Catherine Hardwicke. Myndin hefur hlotið góðar viðtökur og vakið hrifningu þeirra sem hafa séð hana. Lesendur eru eindregið hvattir til að eiga uppbyggilega og ánægjulega stund í bíó um jólin. Myndin hentar allri fjölskyldunni nema ef vera kynni allra yngstu börnunum.

Aðventugleði Lindasóknar verður haldin í Salaskóla kl. 17 þann sama dag. Þar munu bæði Kór Lindakirkju og Kór Lindaskóla syngja. Auk þess munu drengir úr KFUM starfinu sýna leikrit, lesin verður jólasaga, sönghópur frá KFUK á Holtavegi syngur, skátar úr St. Georgsgildi færa söfnuðinum friðarljósið frá Betlehem auk þess sem samsöngur og jólahugvekja verða á sínum stað.

### Jólastund fjölskyldunnar, aftansöngur og hátíðarmessa

Á aðfangadag jóla verður Jólastund fjölskyldunnar að venju kl. 16. Kór Salaskóla syngur, jólaguðspjallið verður lesið, Gestur frá himnum kemur í heimsókn og hver veit nema þekktar persónur úr sunnudagaskólanum mæti í jólaskapi.

Aftansöngur verður í Salaskóla kl. 18. Kór Lindakirkju syngur, stjórnandi Keith Reed. Sr. Guðmundur Karl Brynjarsson þjónar.

Á jóladag verður hátíðarmessa kl. 11 Kór Lindakirkju syngur undir stjórn Keith Reed. Sr. Bryndís Malla Elísdóttir þjónar.

